

Fangavarðaskóli ríkisins

Um aðdraganda, skipulag og rekstur fangavarðaskóla á Íslandi

- I. Inngangur
- II. Staða fangavarðaskólans innan refsivörslukerfisins
- III. Saga og uppruni skólans
- IV. Nám og kennsla - reglugerðir um nýráðningu og menntun
- V. Framtíðarskipulag - væntanlegt samstarf við lögregluskóla ríkisins
- VI. Hvað er framundan?
- VII. Niðurlag

I. Inngangur

Við hátíðleg tækifæri, þegar eitthvað sem þykir lítið og smart ber á góma, grípa menn stundum til frasa eins og *smátt er fagurt* eða *minna er meira*. Þetta getur átt við og verið skammtilegt í vissu samhengi en því miður á þetta ekki við um skólahald og menntamál faghópa. Það þarf ekki að starfa lengi að fangelsismálum innan refsivörslugeirans eða við að sinna menntamálum fangavarða til að skilja að í því samhengi er erfitt að taka undir þessa goðsögn. Þar er smæðin ókostur.

Hér á eftir verður vikið að ýmsu sem styður þessa fullyrðingu og farið vítt og breitt yfir svið íslenska fangavarðaskólans í því minimalíska samhengi sem fangelsismál á Íslandi eru samanborið við stærri samfélög. Vonandi verður lesendum einnig ljós sú staðreynd, að þrátt fyrir ókost smæðarinnar megir virða viljann fyrir verkið og hrósa íslensku fangelsiskerfi fyrir þann metnað og þrautseigju að reka fangavarðaskóla við þessar aðstæður og sækja fyrirmyndir til margfalt stærri þjóða.

Í greininni verður fyrst vikið að íslenska refsivörslukerfinu og stöðu fangavarðaskólans, því næst er farið yfir sögu skólans frá stofnun hans, í fjórða kafla er núverandi reglugerð um nám fangavarða skoðuð, þar á eftir er hugað að framtíð fangavarðamenntunar og að lokum rætt um fyrirhugað samstarf fangavarðaskólans við lögregluskóla ríkisins og vikið að þeim breytingum sem væntanlegar eru varðandi menntun fangavarða á Íslandi.

II. Staða fangavarðaskólans innan refsivörslukerfisins

Það eitt að halda úti námi eða skóla fyrir svo fámenna stétt eins og fangaverði er svolítið sérstakt, enda sýnir veruleikinn að það hefur ekki alltaf gengið sem skyldi. Íslendingar eru fámenn þjóð, íbúar landsins náðu nýverið tölunni 300 þúsund sem er álíka fjöldi og í meðalborg í Evrópu. Fangatalan pr. 100 þúsund íbúa er með því lægsta sem þekkist, eða um 40 fangar. Fimm fangelsi eru í landinu, flest mjög lítil fyrir utan Fangelsið Litla-Hraun sem rúmar 86 fanga. Önnur fangelsi taka frá 8 til 16 fanga. Samtals er rými fyrir 137 fanga í þessum 5 fangelsum og starfsmenn, -fangaverðir, stjórnendur og skrifstofufólk eru um 100 talsins. Þar sem starfsmannahópurinn er ekki stærri en raun ber vitni hefur endurnýjun ekki verið nægileg til að halda úti skóla árlega með lágmarksfjölda nemenda við núverandi skipulag, sum árin hefur ekki tekist að halda úti skóla vegna skorts á nemendum.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála og fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga, rekstur fangelsa og umsýslu þar að lútandi, þ.m.t. umsjón með starfsmannahaldi og menntun starfsfólks. Fangaverðir eru embættismenn sem skipaðir eru í stöður eftir að hafa lokið tilskildum prófum frá fangavarðaskóla ríkisins. Hlutverk skólans er fyrst og fremst að veita fangavörðum almenna menntun er lýtur að hlutverki og starfsemi fangelsa, að fullnustu refsinga og endur- og sérmenntun í ýmsum greinum fangavörslunnar. Fangelsismálastofnun ræður umsjónarmann skólans en til ráðgjafar um fagleg málefni, innra skipulag og val nemenda er skólanefnd sem skipuð er forstjóra fangelsismálastofnunar, fulltrúa dómsmálaráðuneytis og fulltrúa fangavarðafélags Íslands. Umsjónarmaður skólans situr fundi skólanefndar og hefur málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Umsjónarmaður, í samráði við skólanefnd, ræður kennara til skólans. Þar sem flestir kennarar eru starfsmenn innan fangelsisgeirans eða lögreglunnar er aðeins um stundakennara að ræða, sem þegar sinna starfi á öðrum vettvangi og kenna við fangavarðaskólann í tímavinnu (aukavinnu). Að jafnaði hafa 10 – 12 kennarar kennt við skólann.

Fyrsti vísir að fangavarðaskóla á Íslandi varð til 1983 og má rekja aðdraganda þess til norrænna fyrirmýnda, menn litu til þess sem var að gerast í málum fangavarða erlendis, en nokkrum árum áður varð töluverð aukning á samstarfi milli Íslands og hinna Norðurlandanna á ýmsum sviðum fangelsismála. Má þar t.d. nefna að fangavarðafélag Íslands, sem stofnað var 1973, eða 10 árum áður en skóli tók til starfa, hafði gerst aðili að samtökum norrænna fangavarðafélaga (NFU) og stjórn þess sótti reglulega fundi með norrænum félögum. Í dómsmálaráðuneytinu var komið upp sérstakri skrifstofu sem hafði með fangelsismál að gera og sinnti m.a. erlendum samskiptum á þessu sviði. Þessi atriði, ásamt samanburði við norræna starfsfélaga, þrýstu á stjórnvöld um að efla fagmennsku og menntun íslenskra fangavarða til samræmis við það sem gerðist annarsstaðar. Þannig má að vissu leyti rekja auknar menntunarkröfur fangavarða til stöðu- og kjarabaráttu stéttarinnar og sókn eftir faglegri viðurkenningu.

III. Saga og uppruni skólans

Upphaf fangavarðanáms hér á landi má rekja til þess að árið 1981 var samþykkt á Alþingi Íslendinga þingsályktunartillaga um menntun fangavarða. Í framhaldi af því skipaði þáverandi dómsmálaráðherra starfshóp til að semja tillögur um stofnun fangavarðaskóla. Hópurinn, sem í voru fulltrúar frá dómsmálaráðuneyti, fangavarðafélagi og starfandi fangavörðum, skilaði af sér skýrslu um málið 1982. Í skýrslunni var aðallega litið til þess sem var að gerast í þessum málum á Norðurlöndum og einnig hvernig staðið var að menntun stétta eins og tollvarða og lögreglumanna. Segja má að tillögur hópsins hafi verið afar metnaðarfullar, jafnvel svo að þær fóru langt fram úr því sem hægt var að framkvæma við ríkjandi aðstæður á Íslandi. Helstu tillögur nefndarinnar voru þessar: Haldið skyldi fornámskeið fyrir byrjendur (sumarafleysingamenn og þá sem væru nýráðnir í fangavarðastörf) í allt að þrjár vikur í maí ár hvert, sem væri samtals 120 kennslustundir. Helstu greinar á námskeiðinu áttu að vera: Störf fangavarða, kynning á fangelsum, hegningarlög, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sálfræði, sjálfsvörn, skyndihjálpar, fíkniefnamál, eldvarnir, leit á fólki o.fl.

Meginhluti fangavarðaskólans átti síðan að samanstanda af svonefndu framhaldsnámskeiði, sem fram færi á tímabilinu október til apríl ár hvert og stæði yfir í 25 vikur, eða samtals í 750 tíma. Helstu kennslugreinar á þessu námskeiði yrðu:

Íslenska, skýrslugerð, danska, enska, fangelsisfræði, lögfræði, sálfræði, uppeldisfræði, afbrotafræði, réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, samfélagsfræði, líkamsrækt, sjálfsvörn, heilsufræði, skyndihjálp, fíkniefnafræðsla, siðfræði, verkleg leit á fólki og í hýbýlum o.fl.

Skemmst er frá því að segja að þessar metnaðarfullu tillögur komust aldrei til framkvæmda, þær voru klipptar niður og settar í það mót sem fangavarðaskólinn bjó svo við í rúman áratug. Eins og áður sagði var fyrst haldinn fangavarðaskóli haustið 1983 fyrir tilstuðlan dómsmálaráðuneytis, en með þeim hætti að eingöngu var tekinn hluti úr tillögu nefndarinnar og hann spyrtur við grunnnám lögregluskólans. Þetta fyrirkomulag var gert til bráðabirgða, m.a. vegna þess að beðið var eftir að reglugerð yrði sett um ráðningu og menntun fangavarda. Fornámskeiðið, oftast nefnt nýliðanámskeiðið, var skorið niður í fjögurra daga (32 tíma) námskeið þar sem farið var yfir grunnpætti refsivörslukerfis og fangavarðarstarfs. Grunnnámið sjálft var síðan miðað við 10 - 12 vikna tímabil, eða um 350 stundir í bóklegri og verklegri kennslu. Þegar skólinn hóf eiginlega starfsemi var því aðeins tekinn hluti af því kennslumagni sem nefndin lagði til.

Á þeim tíma var fangavarðahópurinn enn fámennari en nú er, líklega í heildina um 60 einstaklingar, þannig að nýliðun var lítil. Fyrstu ár fangavarðaskólans fóru því að verulegu leyti í að taka árlega út úr hópnum 6-8 einstaklinga í þrjá mánuði og fara með þeim í gegnum tiltekið námsefni sem þótti við hæfi að kenna fangavörðum á þessum tíma í samræmi við tillögur skýrslunnar frá 1982. Fyrsta aðsetur skólans var í lítilli kennslustofu á lögreglustöðinni í Reykjavík en verklegi þátturinn, - æfingar, tók, fíkniefnaleit, skyndihjálp, íþróttir, gæsluvarðhaldsvistun og slíkt var alfarið í umsjá kennara lögregluskólans. Samstarf við lögregluskólann minnkaði þó fljótlega, nema í einstaka þjálfunargreinum, m.a. vegna þess að fagmenntun þessara tveggja hópa er ólík og áherslur ekki hinar sömu. Fangavarðaskólinn flutti á efri hæð Hegningarhússins í Reykjavík og var haldinn þegar sex nemendur eða fleiri gátu sótt hann hverju sinni. Skólahald var með þeim hætti næstu árin. Fæstir voru nemendur sex talsins en flestir 15, þegar nýtt fangelsi var tekið í notkun í Kópavogi veturinn 1988-1989. Frá upphafi var einungis boðið upp á þetta grunnnám, fyrir utan nýliðanámskeiðið og hófst það yfirleitt um mánaðamótin september, október og lauk með prófum fyrir miðjan desember. Auk þess voru sum árin haldin öryggisnámskeið, yfirmannanámskeið og námskeið fyrir einstök fangelsi. Árið 1988 var bundið í lög um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, að setja skyldi reglugerð um ráðningu og menntun fangavarda en slík reglugerð var ekki gefin út fyrr en á árinu 1996. Það var ekki fyrr en með þessari reglugerð nr. 11 frá 8. janúar 1996 sem tekið var upp það fyrirkomulag að skipta námi í fangavarðaskólanum í grunnnám (12 vikur) og framhaldsnám (10 vikur) með verklegu tímabili á milli þar sem nemar störfuðu undir handleiðslu reyndra fangavarda.

Árið 1991 hafði þáverandi dómsmálaráðherra skipað nefnd til að gera tillögur um úrbætur í fangelsismálum og stefnumörkun til framtíðar. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu til ráðherra í mars 1992. Þar var töluvert fjallað um vöxt og viðgang fangavarðaskólans (bls. 45 – 49) og lagt til að skólinn yrði eflður til samræmis við það sem gerðist í öðrum norrænum löndum:

“Hvernig svo sem staðið verður að eflingu og framgangi fangavarðaskóla ríkisins, er það viðurkennd staðreynd, að starfsmenntun faghópa eins og fangavarda er hvarvetna í sókn, a.m.k. í þeim löndum sem við höfum mest samskipti við og aldrei verður of mikil áhersla lögð á að standa vel að slíkum málum. Með betur þjálfuðu og

menntuðu starfsliði fæst virkara og hæfara fangelsiskerfi, án markvissrar uppbyggingar fagmenntunar ríkir stöðnun.” (bls 49).

Og í niðurlagi skýrslunnar, þar sem taldar eru upp tillögur sem nefndin lagði fyrir dómsmálaráðherra til samþykktar, segir um æskilegar breytingar til framfara:

“Nefndin leggur til, að menntun starfsfólks fangelsiskerfisins verði eflid til mikilla muna í samræmi við þá umfjöllun sem fram kemur ... hér að framan. Um þetta skal setja ákvæði í reglugerð. Fangavarðaskóli ríkisins færist undir fangelsismálastofnun.” (bls. 77).

Dómsmálaráðherra féllst á tillögur nefndarinnar í meginatriðum og lagði síðan fyrir ríkisstjórnina áætlun um úrbætur í fangelsismálum og var framkvæmdaáætlun hans samþykkt. Veigamikill liður í tillögunum fólst í hugmyndum um að efla og bæta starf fangavarða og stuðla að aukinni menntun þeirra:

“Mikilvægt er að nýta starfskrafta vel þótt það kosti fyrirhöfn, aukna menntun og þjálfun. Starfslið fangelsis er mikilvægur hlekkur í breyttum starfsháttum. Nýting þess á alhliða hátt leiðir til aukinnar virkni og starfsemin verður innihaldsríkari. Þetta stuðlar einnig að þeim tilgangi fangelsis að skapa jafnvægi milli meðferðarmarkmiða og innra öryggis. Hlutverk fangavarða er tvíþætt, bæði gæsla og meðhöndlun ... fangavarðastarfið hér á landi hefur breyst undanfarinn áratug... Dregið hefur úr refsigleði, en áhrif mannlegra sjónarmiða hafa aukist í samræmi við stefnuyfirlýsingu evrópsku viðmiðunarreglnanna um mannlega reisn í fangelsi og markmið siðareglna norrænna fangavarða ... Samskipti milli starfsmanna og fanga eru höfuðþáttur í allri fangelsisstarfsemi ... Að reka fangelsi er að hafa áhrif á fólk, en ekki að telja rimla og snúa lyklum. Það er sama hversu mörg ný fangelsi eru byggð, ef ekki er hugað að velferð starfsfólks, gengur dæmið ekki upp. Það er lýsandi fyrir stöðu fangelsismála í dag, a.m.k. á Vesturlöndum, hversu mikil áhersla er lögð á stafrsmannamál, að menntun og þjálfun sé góð og famennska í fyrirrúmi. Heiðarleiki, manngæsla og sá eiginleiki, að geta starfað á jákvæðan hátt með fólki, eru þættir, sem leitað er eftir við nýráðningar. Að fangavörður hafi heilbrigða siðferðisvitund, sýni mannlegar hliðar í starfi og félagslega og samskiptalega hæfni.” (bls. 52-53)

Árið 1993 kom CPT-nefndin (Committee for the Prevention of Torture) fyrst til Íslands til að skoða fangelsi og kanna starfsemi þeirra og annarra lokaðra stofnana. Nefndin hefur, bæði þá og í síðari heimsóknum 1998 og 2004, lagt mikla áherslu á þjálfun og menntun starfsmanna fangelsa og íslensk fangelsisýfirvöld hafa í svörum sínum til nefndarinnar lagt upp úr því að vel sé staðið að þessum málum með svipuðum hætti og á öðrum Norðurlöndum. Stór hluti bóklegs og verklegs námsefnis í fangavarðaskólanum gengur út á að efla mannleg samskipti og innra öryggi, draga úr togstreitu og óþarfa ofbeldi, efla mannréttindahugsun, siðfræði, virðingu fyrir manngildi, virðingu fyrir lögum og reglu og koma í veg fyrir ásókn í eiturlyf- og vímuefni í fangelsum. Þetta endurspeglar það sem óháðar eftirlitsnefndir og mannréttindasamtök leggja höfuðáherslu á í starfi sínu í samvinnu við fangelsisýfirvöld víða um heim. Menntun fangavarða sem lýtur að samspili öryggis- og manngildisþátta er undirstaða starfsemi fangavarðaskólans og stuðlar að skynsamlegra og betra refsivörslukerfi.

Þann 8. mars 1995 skipaði dómsmálaráðherra nefnd til að undirbúa vinnu við reglugerð um ráðningu og menntun fangavarða en frá því að lög um fangelsi og fangavist voru sett 1988 hafði verið beðið eftir slíkri reglugerð þar sem ákvæði var í lögnum um að setja skyldi reglugerð um skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður og um menntun þeirra. Nefndin, sem í voru skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytis

(formaður), fulltrúi fangavarðafélags og forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu, skilaði tillögum sínum um mitt ár 1995 og dómsmálaráðherra gaf út nýja reglugerð um nýráðningu og menntun fangavarda 8. janúar 1996. Sú reglugerð kveður á um að bóklegt nám fangavarðaskólans skuli skiptast í nýliðanámskeið, 12 vikna grunnnám og 10 vikna framhaldsnám auk verklegrar þjálfunar.

Í ársbyrjun 2000 var reglugerðin endurskoðuð og gefin út ný, nr. 304/2000, sem er í gildi í dag þrátt fyrir væntanlegar breytingar varðandi skólann. Samkvæmt þessari reglugerð er námstími fangavardarnema, til þess að öðlast fullgild réttindi og fá skipun í starf sem fangavörður, samanlagður tæplega eitt ár. Með öðrum orðum: Ef einstaklingur hefur störf við afleysingar á vormánuðum þá hefst námstíminn á nýliðanámskeiði. Síðan, sama haust, fer hann í 12 vikna grunnnám sem lýkur með skriflegum prófum, eftir það í einhverja mánuði í verklega þjálfun á vinnustað (hann starfar sem fangavörður undir handleiðslu). Á næsta ári fer hann svo í 10 vikna framhaldsnám sem einnig lýkur með prófum. Eftir þetta ferli fær viðkomandi fullgilda skipun sem fastráðinn fangavörður.

Reglugerðarbreytingin frá 1996 til 2000 hafði ekki í för með sér aukinn kostnað eða lengri skólatíma, heldur breytingu á áherslum og að betur var áréttað hvernig vinna skuli að ráðningu og menntun starfsmanna, hvert hlutverk skólans er, hvað beri að kenna í skólanum og hvernig stjórna eigi starfseminni. Ljóst er að með reglugerðarsetningunni skuldbatt dómsmálaráðuneytið sig til að standa að menntun fangavarda með þeim hætti sem nú er, - að samanlagður bóklegur námstími nemenda í fangavarðaskólanum væri 22 – 23 vikur samtals, auk verklegs tíma í fangelsi með leiðsögn. Breytingin fól í sér eðlilegri vinnubrögð við ráðningu og menntun fangavarda og agnár á fyrri reglugerð voru sniðnir af.

En til hvers er ætlast? Hvers vegna er lögð svo þung áhersla á menntun fangavarda? Segja má að lykilorðin í þessu sambandi séu fagleg þróun og manngildi. Fangavardastarfið hefur breyst og kröfurnar aukist. Áherslan hefur færst frá því að vera á verði yfir í að sinna *aðgæslu og samskiptum*. Ekki þarf annað en að líta á framþróun undanfarins áratugar eða svo. Umræða og framsetning í þessa átt kemur allsstaðar fram í gögnum, samþykktum og skýrslum. Benda má sérstaklega á íslenska þýðingu evrópsku fangelsisreglnanna (dómsmálaráðuneyti 1989), siðareglur samtaka norrænna fangavarda (ísl. þýð. 1989) skýrslu fangelsismálanefndar (1992), skýrslu um breytingar á Fangelsinu Litla-Hrauni (1995), skýrslur vegna heimsókna CPT-nefndarinnar, auk annarra greina og samþykta.

Í evrópsku viðmiðunarreglunum um fangelsi stendur m.a.: “Í reglum þessum er enn á ný lögð áhersla á meginreglur um mannlega virðingu, hlutverk fangelsisýfirvalda hvað snertir mannúðlega og jákvæða meðferð, mikilvægi hlutverks starfsmanna og skilvirkar og nútímalegar stjórnunaraðferðir.” (bls 1).

Í samnorrænum siðareglum, sem norræn fangavarðafélög samþykktu og stóðu sameiginlega að, stendur m.a.: “Starfið felst fyrst og fremst í gæslu og umönnun fanga og skulu félagar í starfi sínu leggja áherslu á mannúð í mannlegum samskiptum. Félagar verða því að viðhalda kunnáttu sinni, leitast við að auka hana og hafa ætíð að leiðarljósi að bæta við þekkingu sína.” (bls 8).

Gæsla og þjónusta í nútíma fangelsi á að samtvinna þessa þætti á grundvelli manngildissjónarmiða (húmanisma) og þannig, með innra starfi, bæta hvort tveggja.

Ætlast er til að fangelsi sé skynsamlega rekið. Að viðhorf og starfsandi mótist af festu, mannúð og þekkingu á umgjörð og eðli starfsins, þeirri valdbeitingu, lagaheimild, refsilöggjöf og siðfræði sem að baki býr. Að gætt sé að orsök og afleiðingu þvingunar sem beita þarf í fangelsi og ekki vaðið hugsunarlaust út yfir

eðlileg og siðferðisleg takmörk. Ætlast er til að fangaverðir og aðrir starfsmenn séu hæfir til starfans, fái þjálfun, aðhald og aðbúnað samkvæmt lögum.

Menntun fangavara á að vera burðarás framþróunar starfsins. Kröfur til starfsmanna aukast sífellt og nauðsynlegt er að innleiða viðurkenningu og umbun í starfið. Íslendingar bera sig oft saman við frændur sína á hinum Norðurlöndunum. Þótt margt hafi áunnist hvað varðar viðurkenningu á bættu starfsumhverfi og menntunarþörf íslenskra fangavara undanfarin ár þá er enn töluvert ófarið. Í því sambandi má nefna að námsstími í fangavaraðaskólum í Noregi og Danmörku er rúm tvö ár, - bóklegt og verklegt nám. Í Finnlandi og Svíþjóð hefur verið stofnað til framhaldsmenntunar fyrir yfirmenn, sem tekur við að loknum fangavaraðaskóla og miklu fé er varið til endurmenntunar. Gott samstarf hefur verið milli fangavaraðaskóla ríkisins og skólanna á Norðurlöndum og hafa íslenskir fangaverðir notið góðs af því, m.a. í formi gagna um fagleg málefni sem fengin eru frá norrænni útgáfustarfsemi.

Flestir eru sammála um að vaxtarbroddur fangelsisstarfsins felist í þjálfunar- og menntamálum. Miðað við breytingar sem óhjákvæmilegar eru á komandi árum er ljóst að það verður að hlúa vel að þessum þætti og standa markvisst að nýliða - og endurmenntun. Þrátt fyrir að námið sé tiltölulega dýrt vegna afleysinga verður ekki hjá því komist að efla það ef mikilvægasti hlekkur keðjunnar, mannaflinn, á ekki að sitja á hakanum meðan umhverfið tekur stakkaskiptum.

IV. Nám og kennsla - reglugerðir um nýráðningu og menntun

Eins og fyrr sagði hefur umfang skólans verið bundið í reglugerð síðan hún var samin 1996 og uppfærð árið 2000. Frá fyrstu tíð hefur námsefnið tekið mið af því sem aðrir norrænir fangavaraðaskólar höfðu á sinni námsskrá. Það sem líklega skildi þann íslenska mest frá hinum, fyrir utan smæðina, var aðferðafræði og fyrirkomulag kennslu. Nefna má skort á aðstöðu til verklegra þátta, skort á fastráðnum kennurum með kennsluréttindi, fjárskort og áhugaleysi stjórnvalda um að bæta þar eitthvað úr. Sem dæmi er hægt að taka að á árunum eftir 1990 heyrði skólinn enn starfslega séð undir dómsmálaráðuneytið en ekki fangelsismálastofnun (fyrir en með reglug. 1996) og þá sýndi stofnunin fangavaraðaskólanum mikið tómlæti. Það breyttist hins vegar þegar skólinn var settur undir yfirstjórn fangelsismálastofnunar, starfsmaður þaðan fenginn til að hafa yfirumsjón með honum og skólanefnd skipuð til að fjalla um skólann, nýráðningar, almenna menntun og endurmenntun fangavara.

Í dag má segja að hægt sé að skipta námi í fangavaraðaskólanum gróflega niður í þrjá meginhluta: 1) Almennar greinar eins og íslensku, ensku, tölvufærni, samskipti, félagsmál og siðfræði. 2) Faglega þætti eins og fangelsisfræði, sálfræði, afbrotafræði, lögfræði (refsirétt, opinber mál), fíkniefnafræðslu, mannréttindamál og innri öryggismál ýmiss konar. 3) Líkamlegar æfingar og þjálfun, tók, árásarvörn, skyndihjálp, brunaæfingar, o.fl. Allt frá því þegar kennsla á fyrsta námskeiði fangavaraðaskólans fór fram í samkrulli við lögregluna í lögregluskólanum hefur töluvert samstarf verið milli þessara aðila. Þjálfarar lögregluskólans hafa t.a.m. ætíð haft hönd í bagga með æfingum, s.s. handjárnaæfingum, leysitökum og beitingu kylfu þótt í mismiklum mæli hafi verið gegnum árin.

Í 8. gr. reglugerðar nr. 304/2000 stendur að fangelsismálastofnun, í samráði við skólanefnd, skuli ákveða námsgreinar í fangavaraðarnámi og markmið þeirra. Fyrirkomulag skuli í megindráttum vera eftirfarandi:

Afbrotafræði

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á refsingum og þróun fangelsa og fangelsismála. Leggja ber áherslu á hagnýta afbrotafræði er tengist framkvæmd refsinga og að nemendur öðlist þekkingu á helstu kenningum afbrotafræðinnar.

Enska

Markmið: Að nemendur geti átt samskipti við enskumælandi fanga sem vistaðir eru í fangelsum.

Fangelsisfræði

Markmið: Að nemendur fái innsýn í starfsemi og hlutverk fangelsa og fangelsismálastofnunar. Ennfremur að þeir öðlist þekkingu á lögum og reglum er varða störf og starfsskyldur fangavarda.

Félagsleg aðstoð við fanga

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á möguleikum fanga á að fá félagslega aðstoð, einkum eftir að afplánun lýkur.

Fíkniefni í fangelsum

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á mismunandi fíkniefnum, útliti þeirra og einkennum, hegðun neytenda, smyglaðferðum í fangelsi, hvernig eigi að umgangast fanga sem eru undir áhrifum fíkniefna og meðferðaúrræðum innan og utan fangelsa.

Heilsufræði og skyndihjálp

Markmið: Að nemendur öðlist skilning á sýkingarhættu og smitleiðum og læri aðferðir til þess að verjast smiti. Einnig að þeir læri um almenna heilsurækt er tengist starfinu. Þá ber að leggja áherslu á þjálfun í almennri skyndihjálp.

Íslenska

Markmið: Að nemendur öðlist færni í málbeitingu, rétttritun og skriflegri tjáningu.

Líkamleg þjálfun

Markmið: Að byggja upp þol og líkamshreysti nemenda. Sérstaka áherslu skal leggja á að takast á við mismunandi aðstæður í fangelsum.

Lögfræði

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á lagalegu umhverfi starfsins; uppbyggingu stjórnkerfisins, meginreglum stjórnsluréttar, réttindum afplánunar- og gæsluvarðhaldsfanga, grundvallaratriðum refsiréttar, réttarfars og meðferð opinberra mála.

Mannréttindi og siðfræði

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á meginreglum um mannréttindi fanga, mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, mannréttindasáttamálum Evrópu og Sameinuðu þjóðanna og ákvæðum alþjóðlegra stofnana sem varða málefni fanga.

Sálfræði

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu á hlutverki sálfræðinga í fangelsum og aðferðum til þess að fást við sálræn vandamál fanga. Sérstaka áherslu ber að leggja á sjálfsvígshættu og viðbrögð við henni. Þjálfarar skal nemendur í persónulegum

samskiptum við fanga. Jafnframt skulu þeir fá þjálfun í að takast á við streitu sem fylgir starfinu.

Skýrslugerð

Markmið: Að nemendur öðlist færni í að skrifa einfaldar og skýrar skýrslur og að þeir þjálfist í yfirheyrslutækni og nauðsynlegum formsatriðum varðandi skýrslugerð.

Tölvunotkun

Markmið: Að nemendur læri grundvallaratriði tölvunotkunar og ritvinnslu.

Öryggismál

Markmið: Að nemendur þekki öryggismál fangelsa, geti framkvæmt leit á fanga, í klefum og þjálfist í notkun öryggistækja.

V. Framtíðarskipulag - væntanlegt samstarf við lögregluskóla ríkisins

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að skipuleggja breytingar á námi fangavarða samfara öðrum áherslubreytingum í fangelsismálum á Íslandi. Dómsmálaráðherra skipaði nefnd í byrjun maí 2005 til að fara yfir og koma með tillögur um nýskipan í menntamálum fangavarða og kanna aldurssamsetningu þeirra með hliðsjón af endurnýjun innan stéttarinnar. Í nefndinni voru fulltrúar fangelsismálastofnunar, fangavarðaskóla, fangavarðafélags og dómsmálaráðuneytis. Nefndin starfaði hratt og skilaði ráðherra skýrslu um miðjan júní 2005. Hlutverk nefndarinnar var að endurskoða reglugerð um menntun og nýráðningu fangavarða frá 2000 og auk þess koma með tillögur um lækkingu eftirlaunaaldurs fangavarða þannig að í framtíðinni myndi hið sama gilda um þá og lögreglumenn, þ.e. að eftirlaunaaldur miðaðist við 65 ár í stað 67 ára. Með breytingu á skipulagi skólans var lögð sérstök áhersla á að þær breytingar á menntun fangavarða, sem fyrirhugaðar væru í framtíðinni, tækju mið af nýjum áherslum fangelsismálastofnunar varðandi stefnu og markmið hennar eins og þær hafa verið kynntar í yfirlýsingu stofnunarinnar frá 12. október 2004, - *Markmið í fangelsismálum og framtíðarupphbygging fangelsanna*. Þar segir m.a.:

„Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsidóma samkvæmt efni þeirra þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Fangelsismálastofnun telur að það sé meginmarkmið með fangelsun að hún fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætluð sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.

Að lokinni refsivist snýr fangi aftur út í samfélagið og því er þjóðfélagslega hagkvæmt að draga úr líkum á endurkomu hans í fangelsi vegna nýrra afbrota. Fangelsismálastofnun telur mikilvægt að sett verði þau markmið að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Til að ná fram þessum markmiðum þarf að setja fram einsaklingsmiðaða áætlun um framvindu afplánunarferils sérhvers fanga í upphafi refsivistar. Áætlun þessi fæli í sér þætti eins og áhættumat, meðferðarþörf, getu til náms og/eða vinnu, sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Eftir þessari áætlun yrði síðan unnið með viðkomandi fanga á afplánunartímanum af menntuðu og þjálfuðu starfsólki og áætlunin endurskoðuð reglulega. Þegar kemur að lokum afplánunar viðkomandi yrði stuðlað að því, í samvinnu við fangann, að hann ætti

fastan samastað, hefði góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini, kynni að leita sér aðstoðar og næði að fóta sig í samfélaginu.” (bls. 1-2)

Megináherslan í skýrslu nefndarinnar fólst í eftirfarandi: “...Menntun fangavarda á að vera burðarás framþróunar. Kröfur til starfsmanna aukast sífellt og nauðsynlegt er að innleiða viðurkenningu og umbun í starfið.

Nefndin leggur áherslu á að reyna eigi að gera fangavarðastarfið eftirsóknarvert m.a. með því að auglýsa námið sem almennt nám og leggja sérstaka áherslu á annars vegar öryggis- og eftirlitshlutverk starfsmanna en ekki síður umönnunar- og samskiptahlutverk þeirra. Þá er æskilegt að stefna að því að auka hlut kvenna í fangavarðastétt. Flestir eru sammála um að vaxtarbroddur fangelsisstarfsins felist í þjálfun og menntun. Miðað við breytingar sem óhjákvæmilegar eru á komandi árum er ljóst að það verður að hlúa vel að þessum þætti og standa markvisst að vali nýliða og endurmenntun starfsmanna. Fangavarsla sem lýtur að samspili öryggismála og manngildisþátta er undirstaða starfsemi fangavarðaskólans og stuðlar að skynsamlegri og betri refsivörslukerfi.

Helstu niðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:

- Í samræmi við nýjar áherslur í fangelsismálum ber að leggja áherslu á eftirfarandi þætti í fangavarðarnámi: Öryggi, umönnun, meðhöndlun/meðferð, leiðsögn, félagslega aðstoð og samskipti við fanga. Við gerð námskrár fyrir fangavarðaskólann verði tekið mið af tillögum nefndarinnar um æskilegar námsgreinar við skólann.
- Í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í evrópsku fangelsisreglunum er mikilvægt að huga sérstaklega að launakjörum fangavarda með hliðsjón af því að störf þeirra eru með þeim flóknustu og erfiðustu í opinberri þjónustu. Góð launakjör stéttarinnar eru forsenda þess að unnt sé að laða að hæft starfsfólk.
- Áherslu ber að leggja á reglulega endurmenntun allra aðila í fangelsiskerfinu og þá sérstaklega á efni og beitingu evrópskra fangelsisreglna og annarra sáttmála um vernd mannréttinda. Einnig þarf að koma á framhaldsnámi sem miðar að því að auka hæfni og þekkingu starfsmanna á sviði stjórnunar, tilsjónar með föngum, meðferðar og sértækra vinnubragða.
- Mikilvægt er að fangavarðaskólinn sé starfræktur á sama tímabili og lögregluskóli ríkisins þannig að svigrúm skapist til samlegðaráhrifa.
- Rekstur fangavarðaskólans verði gerður markvissari, hann starfræktur árlega og auglýst verði eftir umsóknum um nám við skólann. Æskilegt er að auka hlut kvenna sem sækist eftir að starfa við fangavörslu.” (bls. 22-23)

VI. Hvað er framundan?

Áætlað er að fangavarðaskólinn og lögregluskóli ríkisins hefji formlegt samstarf með nýju sniði í janúar 2007. Í dag er unnið að undirbúningi varðandi samþættingu einstakra námsgreina þannig að fangavarðaskólinn fylgi tímasetningum lögregluskólans á fyrstu önn hans, eða í svonefndu grunnnámi, frá janúarbyrjun til miðs maí á næsta ári. Þegar námskrá fangavarðaskólans er borin saman við það sem kennt er við lögregluskólann sést að hægt er að samnýta kennslu almennra greina fyrir bæði fangaverði og lögreglumenn. Fyrir utan líkamlegar æfingar má nefna

greinar eins og íslensku, ensku og tölvufærni, auk valinna þátta úr öðrum greinum, s.s. fíkniefnafræðslu, mannréttindamálum og lögfræði.

Gert er ráð fyrir að um 10 nýliðar í fangavörslu, sem þegar hafa hafið störf í fangelsum landsins, fari í hið nýja nám. Þar sem grunnnámstími í lögregluskóla er töluvert lengri en þær 12 vikur sem grunnnám fangavarðaskólans hefur tekið er stefnt að lengingu grunnnámsins til samræmis við það og styttingu framhaldsnáms fangavarða þar sem ekki er ætlunin að lengja heildarnámstíma fangavarða svo neinu nemi. Ekki liggur þó fyrir endanleg ákvörðun varðandi þetta atriði.

Í skýrslu nefndar um menntun fangavarða og aldursdreifingu, frá 15. júní 2005, var sérstaklega leitað í smiðju norska og danska fangavarðaskólans að fyrirmyndum. Þótt ljóst sé að íslenski fangavarðaskólinn verði ekki sambærilegur að afli og umfangi við þá var reynt að miða við ýmsa þætti í uppsetningu og kennsluháttum sem gætu nýst hér á landi. Má þar nefna aukna áherslu á PBL (Problem Based Learning), meiri samþættingu verklegra- og bóklegra þátta, samvinnu við aðrar menntastofnanir og meiri tengsl við raunveruleika atvinnulífsins í fangelsisumhverfinu.

Í skýrslunni er einnig fjallað um endurskoðun á ákvæðum reglugerðar nr. 304/2000 sem varða námsgreinar skólans og taldar eru upp lið fyrir lið: “Nefndin er þeirrar skoðunar að núverandi ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar sé um margt óheppilegt og ekki sé eðlilegt að fastbinda í reglugerð þau fög sem kenna á við skólann. Að mati nefndarinnar er heppilegra að hafa almennara orðalag ... að samin verði sérstök námsskrá fyrir skólann sem samþykkt verði af fangelsismálastofnun ríkisins. Eðlilegra er að skólinn geti haft meira svigrúm í námsgreinavali frá því sem nú er sem taki mið af breyttum áherslum og geri fangaverði hæfari til að mæta auknum kröfum sem gerðar eru til þeirra. Með hliðsjón af núverandi lagaumhverfi, nýjum áherslum í fangelsismálum og þjóðfélagsháttum telur nefndin þörf á að breyta áherslum í kennslu þannig að náminu verði skipt upp í hluta eða þætti sem hafa það að markmiði að nýtast fangavörðum sem best í starfi og skiptast í bóklegt og verklegt nám. Nefndin leggur til að í núverandi stafsumhverfi fangavarða verði námsskrá skólans skipt upp í eftirfarandi hluta:

I. Afbrotafræði og refsivörslukerfi

Í þessum hluta er lögð áhersla á að nemendur öðlist þekkingu á íslensku refsivörslukerfi, refsingum og markmiðum þeirra. Þróun fangelsismála ... og hlutverki stofnana fullnustukerfisins. Námsgreinar í þessum hluta eru eftirfarandi:

Afbrotafræði 1 og 2: Skipta á afbrotafræðinni í tvær greinar þar sem sú fyrri er almenns eðlis ... Á síðara stigi er farið dýpra ... gerð grein fyrir ýmsum rannsóknum er varða afbrotamenn og afbrotahegðun og lögð sérstök áhersla á þau lönd sem Íslendingar bera sig helst saman við í þessum efnum.

Úrræði í tengslum við hið hefðbundna refsivörslukerfi ofl.: Í þessari námsgrein er gerð grein fyrir ýmsum úrræðum innan og utan fangelsiskerfisins ... Einnig er fræðsla um vistun fanga utan fangelsa.

II. Réttindi fanga, útlendingamál og önnur lögfræðileg efni

Mikilvægt er að nemendur öðlist þekkingu og skilning á meginreglum um mannréttindi og almenn réttindi fanga ... þekkingu á lagalegu umhverfi fangavarða, uppbyggingu stjórnkerfisins, meginreglum stjórnsýsluréttar, réttarfars, refsiréttar,

réttindum afplánunar- og gæsluvarðhaldsfanga, meðferð opinberra mála og persónuverndarsjónarmiðum. Vegna breyttrar samsetningar fangahópsins er mikilvægt að nemendur fái kennslu í tengslum við útlendingalöggjöf.

Lögfræði 1: Yfirferð yfir helstu hugtök lögfræðinnar, réttarheimildarfræði, dómstólaskipan, fangelsisýfirvöld og fangelsisvist, lög um opinbera starfsmenn ... meðferð opinberra mála, reglur um gæsluvarðhald ... stjórnsýslurétt, agaviðurlaga-ákvarðanir ...

Lögfræði 2: Í námsgreininni verður einkum farið í refsirétt og meðferð opinberra mála og námið tengt starfssviði fangavarða.

Útlendingamál: Markmiðið er að nemendur fái innsýn í lög og reglur í tengslum við útlendinga, m.a. Schengen samstarfið ...

III. Fangelsisfræði, starfssiðfræði, framkoma og samskipti við fanga

Þessi þáttur námsins er einkum sniðinn að samskiptum fangavarða við fanga, þjálfun í samtalstækni ... viðbrögðum við sjálfsvígshættu í fangelsum, þjálfun í að takast á við áföll og streitu ...

Starfssiðfræði: Markmið námsgreinarinnar er að veita nemendum innsýn í þau fjölmörgu siðfræðilegu vandamál og spurningar er tengjast störfum í refsivörslu-kerfinu ...

Sálfræði 1 og 2: Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á hlutverki ... sálfræðinga í fangelsum og aðferðum við að fást vð sálræn vandamál fanga ... og hvernig vinna má bug á andlegri vanlíðan ...

Fangavernd og fræði: Markmiðið er að auka hæfni nemenda á möguleikum fanga til að fá faglega þjónustu í réttarkerfinu og félagslega aðstoð, einkum eftir að afplánun lýkur.

Samtalstækni: Markmiðið er að auka hæfni nemenda til að draga úr árekstrum, misklið og sjálfsvígstilraunum eða annarri hættu ... eins og samræmist framtíðarsýn fangelsismálastofnunar um breytta stefnu í úrræðum fyrir fanga ...

Framkoma og siðfræði: Í þessari grein er lögð áhersla á fagleg og siðleg vinnubrögð ... á umfjöllun um jákvæðar og neikvæðar hliðar valdbeitingar ... mismunandi uppruna fólks, þjóðerni, fordóma, einelti, jaðarmenningu (subculture) ...

IV. Almenn verkleg fangelsismál og öryggismál.

Enska: Í ljósi þess að útlendingum hefur fjölgað í fangelsum ... er mikilvægt að bjóða upp á sérhæfða ensku ...

Íslenska-skýrslugerð-ritvinnsla: Mikilvægt er að samtvinna kennslu í íslensku starfslegum þáttum ... s.s. tölvunotkun, skýrslugerð og gerð og meðferð skriflegra gagna ...

Öryggistök: Kenna þarf nemendum grundvallaratriði í öryggismálum fangelsa ... Þá er mikilvægt að nemendur séu þjálfðir í æfingum, þar sem settar eru á svið upptökur sem geta átt sér stað í fangelsum ...

V. Heilsu- og lyfjafræði og verklegur undirbúningur

Skyndihjálþ: Fara þarf ítarlega yfir grundvallaratriði almennrar skyndihjálpar er nýst getur nemendum í starfi.

Fíkniefnafræðsla og lyfjafræði: Markmiðið er að nemendur öðlist þekkingu á mismunandi fíkniefnum ... smyglaðferðum í fangelsi og umgengni við einstaklinga undir áhrifum fíkniefna. Þá er farið yfir ... ávanabindandi lyf og þau lyf sem eru notuð að staðaldri í fangelsum ...

Heilsufræði: Almenn heilsuvernd starfsfólks á vinnumarkaði ásamt kennslu í vörnum gegn smitsjúkdómum, svo sem lifrabólgu og HIV.

Líkamleg þjálfun: Leggja skal áherslu á líkamlegt atgerfi nemenda með þjálfun og æfingu, ásamt andlegu heilbrigði ...” (bls. 11-15).

Um framtíð fangavarðaskólans segir í skýrslunni að ljóst sé að nokkur munur hafi verið á menntun íslenskra fangavarða og þeirra aðila sem helst hefur verið horft til með samanburð. Að stofni til felst munurinn í tímalengd og fjölbreytileika námsins, en erlendis gefast mun fleiri tækifæri til ýmiss konar verklegrar þjálfunar í mörgum fangelsum, auk fjölþættari möguleika á framhalds- og endurmenntun. Ljóst er að á Íslandi verður ekki sami aðbúnaður eða aðstæður og tíðkast í stærri samfélögum. Nefndin telur hins vegar að með því að tengja námstíma fangavarðaskólans betur við námstíma lögregluskólans verði í framtíðinni unnt að efla ákveðna þætti sem stuðla að meiri fjölbreytni, svo sem meiri bóklega kennslu og betri tengingu við afleysingapörf vegna sumarorlofa þar sem nemendur ganga beint úr skóla í afleysingar í fangelsunum. Einnig má lengja starfstengdan námstíma hér á landi þar sem nemandinn starfar til reynslu undir handleiðslu fastráðinna fangavarða.

Hvað varði lágmarksfjölda nemenda í skólanum hverju sinni þá er talið æskilegt að um 10 nemendur verði í árgangi. Ef of fáir nemar eru í hópnum geta skapast ýmis kennslufræðileg vandkvæði m.t.t. fjölbreytni, hópvinnu og annarra atriða sem of langt væri upp að telja.

Það er mikilvægt fyrir framtíðarmynd skólans að vel sé hugað að endurmenntun og framhaldsnámi starfandi fangavarða. Þá er átt við upprifjunarnámskeið, sérstaklega á efni og beitingu evrópsku fangelsisreglnanna og annars efnis um vernd mannréttinda, þjálfunatriði á sviði öryggismála, slyshjálpar, fíkniefnafræðslu, samskipta og annarra atriða sem nýtast í starfi og þörf er á að endurnýja vegna örra breytinga. Einnig verður að gefa framsæknum einstaklingum kost á framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða á öðrum sérhæfðum grundvelli eins og í tilsjónarstarfi, meðferð vegna vímuefnafíknar og annarra starfstengdra þátta.

Samkvæmt reglugerðinni frá árinu 2000 sem starfað er eftir í dag er heimilt að auglýsa eftir nemendum í skólann sem ekki eru starfandi fangaverðir og skulu þeir sækja sérstaklega um skólavist til fangelsismálastofnunar. Þeir nemendur ættu að stunda fyrsta hluta fangavarðanáms á eigin kostnað. Framkvæmdin undanfarin ár hefur þó verið með þeim hætti að ekki hefur verið sérstaklega auglýst eftir umsóknum í fangavarðaskólann heldur hafa einstaklingar, sem hafa starfað við afleysingar, átt þess kost að sækja skólann. Þannig er unnt að sjá hvort verðandi fangavörður stenst kröfur sem mikilvægt er að gera til fangavarða. Nemandi sem starfað hefur sem fangavörður í afleysingum er ólíklegri til að flosna upp úr námi heldur en nemandi sem ekki hefur starfsreynslu. Á móti má benda á að þetta fyrirkomulag kann að stuðla

að því að til fangavarðastarfa ráðist ekki nægilega fjölbreyttur hópur. Opinn fangavarðaskóli kann um margt að vera betur til þess fallinn að styrkja starfsemi skólans og auka áhuga almennings á því mikilvæga starfi sem fangaverðir vinna í þágu samfélagsins. Opinn skóli getur líka ýtt undir samkeppni um skólapláss sem hefur það í för með sér að unnt er að velja úr breiðari og hæfari hópi kandidata en nú er, auk þess sem slíkt fyrirkomulag getur ýtt undir að fleiri konur sækji um fangavarðastarf, sbr. þá þróun sem orðið hefur í lögregluskólanum.

Ákveðnir samnýtingarmöguleikar skapast með því að halda fangavarðaskólann og lögregluskóla ríkisins samhliða að mati nefndarinnar. Í námsskrá fyrir grunnnám I í lögregluskólanum er að finna nokkrar greinar sem nefndin leggur til að verði kenndar í fangavarðaskólanum, s.s. lögfræði (réttarfar, refsiréttur og útlendingaréttur), fíkniefnafræðsla, öryggismál o.fl. Samt verður að gera ráð fyrir því að áherslur varðandi kennslufni innan flestra greina séu mismunandi. Þannig fjallar stór hluti af námsefni lögreglunema í lögfræðikúrsum um sérlög sem hafa þýðingu fyrir störf lögreglumanna en myndu tæplega nýttast fangavörðumí starfi. Inngangskennsla í þessum námsgreinum ætti þó að vera með svipuðu sniði. Að mati nefndarinnar er ekki hægt að gera efnislegan samanburð á náminu fyrr en ítarleg námsskrá liggur fyrir um kennslu í fangavarðaskólanum, þar sem tímafjöldi og lestrarefni hverrar námsgreinar fyrir sig eru tilgreind. Möguleikarnir eru vissulega fyrir hendi en samt verður alltaf töluverður munur á námsefninu þar sem starfsvettvangur þessara tveggja stétta er um margt ólíkur.

Í skýrslu nefndarinnar kemur skýrt fram að það muni styrkja starfsemi fangavarðaskólans að halda hann samhliða lögregluskólanum, þ.e. hefja kennslu í janúar og slíta honum með útskrift í desember. Einnig er talið mikilvægt að sérstakur umsjónarmaður fangavarðaskólans hafi aðsetur í lögregluskólanum til að halda utan um daglegan rekstur hans.

VI. Niðurlag

Hér á undan hefur sögu og innihaldi fangavarðamenntunar á Íslandi verið lýst í grófum dráttum. Eins og lesendur hafa séð og reyndar var minnst á í upphafi er hún með nokkuð öðru sniði en tíðkast í stærri samfélögum, ekki síst vegna þess hve þjóðin er smá og stétt fangavarða fámenn. Það er meðal annars þess vegna sem ný stefna hefur verið mörkuð sem felst í aukinni samvinnu við lögregluskóla ríkisins. Tillögur starfshópsins frá 15. júní 2005 ganga út á að samnýta aðstöðu og kennslu með lögreglunni í ákveðnum greinum og að á síðara stigi, hugsanlega á árinu 2008, verði skólinn opnaður fyrir almennum umsóknum. Hvernig sú þróun kemur til með að ganga er ekki gott að segja til um en það er trú undirritaðs að ef skólinn á að þróast og dafna þá verði að grípa til róttækra ráðstafana til að auka möguleika á samfelldu skólahaldi. Ef halda á uppi gæðum á sviði menntunar, hvort sem um er að ræða fagmenntun eða annars konar menntun, þá verður að byggja á samfelldu árlegu skólastarfi með hæfu starfsliði, sem virkjar áhuga og metnað nemenda til góðra verka.

01.05.06 Guðmundur Gíslason.

Heimildir:

Evrópskar fangelsisreglur, endurskoðuð evrópsk útgáfa almennra lágmarksreglna um meðferð fanga. Dómsmálaráðuneytið, ísl. þýð. 1989.

Lög um fangelsi og fangavist nr. 48/1988.

Lög um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Markmið í fangelsismálum og framtíðaruppbygging fangelsanna. Fangelsismálastofnun ríkisins 2004.

Reglugerð um menntun fangavarða og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður nr. 11/1996.

Reglugerð um menntun fangavarða og skilyrði þess að vera ráðinn fangavörður nr. 304/2000.

Siðareglur fyrir samtök norrænna fangavarða. Fangavarðafélag Íslands, ísl. þýð. 1989.

Skýrsla fangelsismálanefndar til dómsmálaráðherra um stöðu fangelsismála í dag, tillögur um brýnar úrbætur og stefnumörkun til framtíðar. Fangelsismálastofnun ríkisins, mars 1992.

Skýrsla nefndar til að endurskoða menntun fangavarða. Dómsmálaráðuneytið 1982.

Skýrsla nefndar um menntun fangavarða og athugun á aldurssamsetningu þeirra með hliðsjón af endurnýjun stéttarinnar. Reykjavík 2005.

Skýrsla um breytingar í Fangelsinu Litla-Hrauni. Guðmundur Gíslason 1995.

Skýrslur CPT – nefndarinnar vegna heimsókna til Íslands 1993, 1998 og 2004.

Höfundur greinarinnar er Guðmundur Gíslason, forstöðumaður fangelsa á höfuðborgarsvæðinu og Fangelsisins Akureyri. Guðmundur hefur starfað lengi við íslensk fangelsismál, hann hefur með hléum haft umsjón með fangavarðaskólanum og kennt við skólann, auk þess að hafa átt gott samstarf við stjórnendur annarra fangavarðaskóla á Norðurlöndum.